



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSLE3PJ05

Þjóðskáld

Kennari:	Bertha I. Johansen berthajo@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Fjallað um hugtakið þjóðskáld í sögulegu og samtímalegu ljósi. Hvað er þjóðskáld? Hvernig verður það til? Af hverju þjóðskáld? Hver voru hin yfirlýstu íslensku þjóðskáld og hvaða tímabili bókmenntasögunnar tilheyra þau? Verkefni eru af fjölbreyttu tagi og verða unnin í töluðu og rituðu máli þar sem nemendur þjálfast í greiningu og túlkun bókmennta. Farið er fram á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð, metnað og virkni í námi. Lesnir verða margs konar bókmenntatextar, ljóð, sögur og smásögur, aðallega frá siðaskiptum 1550 til 1900 en einnig eldri textar og yngri.

Undanfari: ÍSLE2BV05

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem nægir til að lesa helstu verk íslenskrar bókmenntasögu
- helstu stefnum í íslenskum bókmenntum frá siðaskiptum til um 1900
- mismunandi tegundum bókmennta frá siðaskiptum til um 1900
- helstu hugtökum tengdum ljóðmáli og ljóðalestri
- byggingu bókmenntaritgerða

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja og nota viðeigandi stílbrögð, orðatiltæki og vísanir í tali og ritmáli
- flytja af öryggi og sannfæringarkrafti túlkun sína á bókmenntatexta
- lesa sér til gagns allar gerðir ritaðs máls frá siðaskiptum til um 1900
- skilja og greina mismunandi sjónarmið í túlkun bókmenntatexta
- nýta fræðihugtök af öryggi í umræðu um bókmenntir

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skrifa skýran, vel upp byggðan og grípandi texta
- velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum
- beita málinu á viðeigandi og árangursríkan hátt við mismunandi aðstæður
- átta sig á samfélagslegum skírskotunum og geta greint undirtexta í bókmenntum
- tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum

- draga saman aðalatriði og beita gagnrýninni hugsun við lestur og túlkun og bókmennta
- sýna þroskað siðferði, víðsýni og samlíðan í túlkun sinni og umfjöllun um bókmenntir

Námsefni:

- Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson
- Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness (I. bindi)
- Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson. (2014). Íslenska fjögur: Kennslubók í íslensku fyrir framhaldsskóla. Mál og menning.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dags.	Viðfangsefni
5. - 9. jan Kennsla hefst á fim.	Kynning áfanga. Hvað er þjóðskáld?
12. - 16. jan	Hvað er þjóðskáld?
19. - 23. jan	Bókmenntasaga. Lærdómsöld, bls. 8-98 Íslenska fjögur.
26. - 30. jan	Lærdómsöld: Hallgrímur Pétursson og Passíusálmarnir.
2. - 6. feb	Lærdómsöld: Veraldleg rit. Próf úr lærdómsöldinni (10%)
9. - 13. feb	Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness. Umræður, verkefni og próf (5%) .
16. - 20. feb Miðannarmat	Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness. Umræður, verkefni og próf (5%) .
23. - 27. feb Vorfrí mán og þri.	Tímaritgerð úr Íslandsklukkunni (15%).
2. - 6. mars Áfangamessa mið	Bókmenntasaga. Rómantík, bls. 133-240.
9. - 13. mars Valdagur mið	Rómantík: Jónas Hallgrímsson (Gunnarshólmi, Ég bið að heilsa, Ferðalok og Ísland).
16. - 20. mars Kátir dagar og Flóafár	Rómantík: Matthías Jochumsson (Lofsöngur og Hafísinn).
23. - 27. mars	Rómantík: Kristján Jónsson Fjallaskáld og þjóðsögur. Próf úr rómantikinni (10%).
30. mars - 3. apríl	PÁSKAFRÍ
6. - 10. apríl Kennsla byrjar á þri	Bókmenntasaga. Raunsæi, bls. 241-316.
13. - 17. apríl	Raunsæi: Gestur Pálsson (Fyrirlestrar G.P. og Vordraumur).
20. - 24. apríl Sumardagurinn fyrsti (fim)	Raunsæi: Hannes Hafstein (Stormur) og Stephan G. (Jón hrak). Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson. Umræður, verkefnavinna og vangavelta.

27. apríl - 1. maí 1.maí (fös)	Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson.
4. - 8. maí	Aðventa eftir Gunnar Gunnarsson.
11. - 15. maí Síðasti kennsludagur 13. maí Uppstigningardagur Námsmat byrjar á fös	

Sérreglur áfangans:

- Ætlast er til að nemendur vinni jafnt og þétt alla önnina. Gert er ráð fyrir því að nemendur komi undirbúnir í kennslustundir.
- Nemandi verður að skila verkefnum og prófum í öllum námsþáttum áfangans þar sem námsmat byggir á símati.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund ber hann sjálfur ábyrgð á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil. Oftast má sjá slíkt á INNU. Nemandi sem missir af prófi eða verkefni vegna veikinda ber sjálfur ábyrgð á því að óska eftir sjúkraprófi og skal hafa frumkvæði að því um leið og mætt er að nýju.
- Öllum verkefnum skal skila á tilsettum tíma. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða mætir ekki í próf fær einkunnina núll. Einungis þeir sem eru löglega fjarverandi fá að taka sjúkrapróf.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Bókmenntasaga	3 próf	30%
Íslandsklukkan	2 krossapróf (10%) og ritgerð (15%)	25%
Aðventa	Tímaritgerð	15%
Vangaveltubók	Nemendur skrifa ýmsar vangaveltur	20%
Virkni og ástundun	Mæting, skil á verkefnum, þátttaka í tímum.	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 6. janúar,
Bertha I. Johansen